

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 2004

8. mars 2004

655

Nr. 233

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, lóð HB.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. nóvember 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, lóð HB, Akranesi.

Breytingin nær til svæðis merkt HB hf. í deiliskipulagi Breiðarsvæðis og er tilgangurinn að afmarka lóðirnar á reitnum. Sett er kvöð um umferð á einstakar lóðir til að tryggja aðgengi og austurmörk svæðisins eru samræmd gagnvart aðliggjandi hafnarskipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 8. mars 2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi Akraness.

8. mars 2004

Nr. 234

REGLUGERÐ

um humarveiðar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða með humarvörpu.

Humarveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru aðeins heimilar fiskiskipum sem eru 300 brl. og minni enda séu þau búin 740 kílówatta aðalvél eða minni.

Heimild til veiða er bundin því skilyrði að fiskiskip hafi aflamark í humri.

2. gr.

Aðeins er fiskiskipum, sbr. 1. gr. heimilt að stunda humarveiðar á tímabilinu 15. mars til 30. september á eftirgreindum svæðum: